

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 1832

Ár 2009, þriðjudaginn 9. febrúar, kl. 16:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Anna G. Edvardsdóttir, Baldur S. Einarsson, Soffía Vagnsdóttir og Elías Jónatansson, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Formaður fræðslumálaráðs fundar með bæjarráði.

Hér kom Anna S. Jörundsdóttir til fundar.

Til umræðu verða skólamál. Þar á meðal úttekt R-3 ráðgjafar og greining á hagræðingarmöguleikum á skólastigunum þremur, sem kynnt var í desember sl. Formaður fræðslumálaráðs kynnti umræðu sem fór fram innan ráðsins í kjölfar útkomu skýrslunnar, en ráðið fundaði einnig með forstöðumönnum skólanna. Hér yfirgaf Anna S. Jörundsdóttir fundinn.

2. Byggðakvóti fiskveiðiársins 2009/2010.

Bolungarvíkurkaupstaður fær 50 þorskígildistonna byggðakvóta. Bréf frá Sjávarútvegsráðuneytinu 31. janúar 2010.

09 10 023

Kynnt.

Soffía Vagnsdóttir leggur fram eftirfarandi bókun:

„Ég ítreka fyrri skoðanir mínar á því að ég tel eðlilegt og nauðsynlegt að bæjarfélagið geti sjálft leigt byggðakvótann og fengið þannig beinar leigutekjur í bæjarsjóð.“

3. Almenn heimild til birtingar á upplýsingum um stöðu lána sveitarfélagsins hjá sjóðnum.

Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 24. janúar 2010. Beiðnin er samhljóða beiðni til allra lántaka hjá sjóðnum.

10 02 008

Bæjarráð samþykkir heimildina.

4. Önnur mál.

a. Þjóðaratkvæðagreiðsla 6. mars 2010.

Bréf frá Þjóðskrá þar sem athygli er vakin á því að menn verða á kjörskrá í því sveitarfélagi sem þeir eru skráðir með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár laugardaginn 13. febrúar 2010.

Fundi slitið kl. 17:55.

Anna G. Edvardsdóttir

Baldur S. Einarsson

Soffía Vagnsdóttir

Anna S. Jörundsdóttir

Elías Jónatansson